

Tillaga AU 22 ehf. til aðalfundar Origo hf., dags. 21. mars 2023

-um töku hlutabréfa Origo hf. úr viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.-

Tillaga um töku hlutabréfa Origo hf. úr viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.:

Aðalfundur Origo hf., haldinn þann 21. mars 2023, samþykkir að óskað verði eftir því við Nasdaq Iceland hf. að hlutabréf Origo hf. verði tekin úr viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Greinargerð:

Í kjölfar valfrjáls tilboðs AU 22 ehf. („**AU 22**“), félags í fullri eigu Umbreytingar II slhf., framtakssjóðs í rekstri Alfa Framtaks ehf., til allra hluthafa í Origo hf. („**félagið**“) og með vísan til tilboðsyfirlits AU 22 vegna tilboðsins leggur AU 22 til við aðalfund félagsins að óskað verði eftir því, fyrir hönd félagsins, að hlutabréf þess verði tekin úr viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. („**Kauphöllin**“).

AU 22 er stærsti hluthafi félagsins með 88.305.155 hluti sem samsvarar 63,08% af hlutafé félagsins.

Í kjölfar þeirra kaflaskila sem felast í sölu félagsins á eignarhlut sínum í Tempo og með hliðsjón af þeim áskorunum sem félagið stendur frammi fyrir er það skoðun AU 22 að félaginu sé betur farið utan hlutabréfamarkaðar. Fyrir því skulu meðal annars nefndar eftirfarandi ástæður:

- Eins og lýst er í tilboðsyfirliti sér AU 22 margvísleg tækifæri til umbreytinga á vettvangi félagsins, meðal annars með því að skerpa enn frekar á þjónustuframboði og skipulagi þess, og telur að afskráning félagsins úr Kauphöllinni sé nauðsynleg í því augnamiði að skapa félaginu sveigjanleika til þess að grípa þau tækifæri.
- Flot á hlutabréfum í félaginu hefur farið ört minnkandi undanfarna mánuði og má leiða líkur að því að sú þróun verði enn hraðari nú í kjölfar valfrjálsa tilboðsins, eftir því sem hlutafé í félaginu hefur safnast á enn færri hendur, sem haft getur áhrif á verðmyndun hlutabréfanna.
- Í kjölfar sölunnar á Tempo er markaðsvirði félagsins það lægsta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar.
- Hluthöfum félagsins hefur fækkað verulega og eru þeir nú um 420 talsins borið saman við 930 hluthafa í lok síðasta árs. Eignarhald félagsins er auk þess ekki dreift og eru til að mynda fyrst og fremst fagjáfrestar í hópi tuttugu stærstu hluthafa félagsins.
- Beiinn og óbeiinn tilkostnaður vegna skráningar félagsins er hlutfallslega hár sé hann settur í samhengi við bæði markaðsvirði og rekstrarhagnað félagsins.
- Þær umbreytingar í rekstri félagsins sem AU 22 vill leiða og gætu meðal annars falist í auknu sjálfstæði einstakra rekstrareininga, aðkomu meðfjáfesta að tilteknum rekstrareiningum og uppkaupum á hentugum viðbótareiningum gætu valdið umtalsverðum sveiflum í afkomu félagsins á næstu árum.

Tekið skal fram að verði hlutabréf félagsins tekin úr viðskiptum á Aðalmarkaði Kauphallarinnar verða þau ekki skráð á neinum viðurkenndum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga – með þeim afleiðingum að regluleg upplýsingagjöf félagsins til hluthafa verður líkast til takmarkaðri og seljanleiki hlutabréfanna minni.

Þau áform AU 22 að leggja til að hlutabréf félagsins verði tekin úr viðskiptum á hlutabréfamarkaði voru kynnt í áður nefndu tilboðsyfirliti sem sent var hluthöfum félagsins í aðdraganda valfrjálsa tilboðsins. Með því að gangast að valfrjálsa tilboðinu höfðu hluthafar félagsins kost á því að selja hlutabréf sín í félaginu á verði sem var yfir fjórtán prósentum hærra en veltuleiðrétt meðalverð hlutabréfa í félaginu að teknu tilliti til lækkunar hlutafjár frá því að tilkynnt var um sölu á hlut félagsins í Tempo. Því til viðbótar ganga hlutabréf í félaginu kaupum og sölum á markaði.

Að öllu framangreindu virtu er það mat AU 22 að afskráning félagsins sé ekki til þess fallin að skaða hagsmuni hluthafa og að hagsmunum félagsins og hluthafa þess sé, eins og málum sé háttað, best borgið utan Aðalmarkaðar Kauphallarinnar og óskar AU 22 því eftir því aðalfundur félagsins samþykki tillögu þessa um að Kauphöllin taki hlutabréf félagsins úr viðskiptum.